

Nr. 34
28. nóv.

Lög

um

framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 44, 2. nóv. 1914, laga nr. 45, s. d. og laga nr. 3, 5. júní 1918.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43 s. d.), svo og lög nr. 3, 5. júní 1918, um hækkun á vörutolli, skulu vera í gildi til ársloka 1921, með þeim viðauka, að fiskumbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, eru undanþegnar vörutolli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 28 nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L S.)

Sig. Eggerz.